



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Haustönn 2022

## VINH2FH10

Vinnustaðanám í hestamennsku – fyrri hluti

<b>Kennari:</b>	Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	<b>Sk. st.</b>	ÁFG
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:aslaug@fsu.is">aslaug@fsu.is</a>		

### Áfangalýsing:

Í áfanganum fer fram kynning og verkleg þjálfun á ýmsum störfum í hestamennsku. Meginviðfangsefni áfangans er að nemandinn fái að aðstoða við og framkvæma helstu verk sem unnin eru varðandi hrossahald starfsnámsstaðarins og auki þar með þekkingu sína, verkfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Fái innsýn í stjórn og rekstur tamningastöðvar/hrossabús/hestatengds ferðapjónustufyrirtækis svo og þjálfun í mannlegum samskiptum. Nemandinn á að fylgjast með andlegu og líkamlegu heilbrigði hesta s.s. ástandi járninga, heilbrigði fóta ásamt fóðurástandi og almennu heilbrigði. Nemandinn heldur dagbók yfir allt tímabilið þar sem koma fram lýsingar á daglegri vinnu auk lista yfir unnar klukkustundir og skrifar verklýsingar á verkþáttum starfsnámsins. Lögð er áhersla á að starfsnemandinn fái að aðstoða við umsjón og hirðingu hesta á starfsnámsstaðnum og fái tækifæri til að aðstoða við grunnþjálfun á a.m.k. 3 hestum. Starfsþjálfunin fer fram að sumri. Það þarf að skila minnst 240 klukkustundum á ekki skemmri tíma en 6 vikum til að uppfylla skilyrði áfangans. Vinnutíminn skal falla að því starfi sem fram fer á starfsnámsstaðnum. Nemandi finnur sér sjálfur starfsnámsstað og umsjónarmann, sem verkefnisstjóri skólans þarf að samþykkja áður en starfsnám hefst. Hlutverk umsjónarmanns er að stjórna starfsnáminu á staðnum, kenna nemandanum og meta framvindu námsins.

### Undanfari:

VINU2FH02

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Viðteknum starfsaðferðum og vinnulagi sem nýst getur í hestamennsku
- Starfs- og ábyrgðarsviði starfsnema á starfsnámsstað
- Hirðingu og fóðrun hrossa
- Mismunandi vinnuaðferðum, nálgun við þjálfun hesta
- Mati á andlegu og líkamlegu heilbrigði hrossa
- Grunnþjálfun hesta
- Hringteymingum og vinnu við hönd
- Markvissum vinnubrögðum

## **Leikniviðmið:**

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- Tileinka sér viðeigandi vinnubrögð á starfsnámsstað
- Leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.
- Umgangast hesta og annast þá á réttum og öruggum forsendum
- Leggja mat á andlegt og líkamlegt heilbrigði hesta.
- Nota helsta búnað og aðstöðu sem fylgir greininni.
- Hugsa rétt um hesta, fóðra þá og annast þá með tilliti til andlegs og líkamlegs heilbrigðis þeirra.
- Nýta sér fjölbreyttan búnað og aðstöðu í greininni.
- Nýta sér markviss og fjölbreytt vinnubrögð við grunnþjálfun hrossa

## **Hæfniviðmið:**

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Sinna grunnþáttum er lúta hirðingu, fóðrun og aðbúnaði hesta
- Umgangast hesta og annast þá á réttum forsendum
- Leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.
- Grunnþjálfna hesta með mismunandi þjálfunaraðferðum.
- Greina rétta og góða járnungu fótstöðu.
- Meta andlegt og líkamlegt heilbrigði hesta

**Nemandi útvegar sér sjálfur starfsnámsstað og umsjónarmann, sem verkefnisstjóri skólans þarf að samþykkja áður en starfsnám hefst.**

**Til þess að standast áfangann þarf nemandinn að klárað tilskilinn tímafjölda í starfsnáminu og klárað þau verkefni sem tiltekin eru í ferillbók starfsnámsins og skila kennaranum rétt útfylltri ferillbók í lok vinnustaðanáms.**

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**